

Fundargerð stjórnar BÍS 21/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 2. nóvember 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð stjórnar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, tillaga að breytingu í landsmótsstjórn, starfsyfirlit landsmótsstjórnar, fundargerð Úlfljótsvatnsráðs og tillaga um vinnuhóp um fullorðna í skátastarfi lágu frammi. Samþykkt að Dagmar Ýr Ólafsdóttir og Sigurlaug Björk Fjeldsted taki sæti í mótsstjórn Landsmóts skáta 2012. Samþykkt að Guðný Eydal, Hrönn Pétursdóttir, Kjartan Ólafsson, Stefanía Gyða Jónsdóttir og Unnur Flygenring taki sæti í vinnuhópi um fullorðna í skátastarfi.
4. Nýr starfsgrunnur
 - a. Útgáfa: Verkefnabók dróttskáta er komin í tilraunaútgáfu sem er nú til yfirlstrar.
 - b. Staðan: HGH hefur sent félagsföngjum bréf og nýjan samning. BAÁ og ÓP funduðu með Írunum sem voru hér um síðustu helgi og fóru sérstaklega yfir fræðslumálin.
 - c. Næstu skref: Bland í poka verður nýtt vel til að kynna málið og ýta á félögin. Fundur með svæðisföngjum er ráðgerður seinnihluta janúar.
5. Skátaþing: Umræðu frestað til næsta fundar.
6. Starfsáætlun stjórnar: Umræðu frestað til næsta fundar.
7. Framboð til Evrópustjórnar WOSM: HSG hefur samþykkt að gefa kost á sér og mun BB senda bréf til norrænu bandalaganna.
8. Verklagsreglur í kringum „Skátarnir“: Birgir Ómarsson kom á fundinn og fór yfir. Tillögur samþykktar.
9. Útlit og áferð afmælisárs: Birgir Ómarsson kynnti. Samþykkt.
10. Önnur mál
 - a. Crean leiðangurinn 2012: BAÁ lagði fram tillögu um þátttöku BÍS í verkefninu og heimild til að kosta allt að kr. 220.000,- til undirbúnings. Samþykkt.
 - b. Heiðursmerki:
 - i. Þórshamar úr bronsi: Ólöf Huld Magnúsdóttir, Fossbúum og Már Guðmundsson, Kópum og HSSK 29.október 2011.
 - ii. Þórshamar úr gulli: Elsa Sigurðardóttir, Sigrún Gestsdóttir, Ásdís Styrmisdóttir, Fossbúum. 29.október 2011.
 - iii. Europe Committee WAGGGS: Evgenia Beliakova, sem kjörin var í Evrópustjórn WAGGGS í fyrra hefur sagt af sér. Samkvæmt reglum WAGGGS var leitað til þeirra sem næstir voru í röðinni við kosninguna í fyrra. Önnur þeirra er Fríður Finna Sigurðardóttir. Þær hafa báðar hafnað því að setjast í stjórnina og því hefur verið auglýst eftir

einstaklingi til að starfa með stjórninni fram að næsta þingi. Frestur til að bjóða sig fram er til 23. nóvember.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Fundargerð ritaði JA

Hófst síðan fundur um ÚSÚ með stjórn SSR og fulltrúum úr Úlfljótsvatnsráði.